

**627. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,  
þriðjudaginn 9. janúar 2024  
og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

**Fundargerð ritaði:** Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 627 lögmætan.

**Dagskrá:**

**1. Römpum upp Ísland - 2401013**

Erindi frá Römpum upp Ísland dags. 14.12.2023 varðandi verkefni á vegum Römpum upp Ísland á sunnanverðum Vestfjörðum og tölvupóstur sama efnis frá bæjarstjóra Vesturbyggðar dags. 14.12.2023.

*Sveitarstjórn samþykkir með fjórum atkvæðum að Tálknafjarðarhreppur taki þátt í verkefninu Römpum upp Ísland í samstarfi við Vesturbyggð.  
GJ situr hjá.*

**2. Framkvæmdir 2024 - 2401014**

Farið verður yfir framkvæmdir ársins 2024 í samræmi við Greinargerð með fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2024-2027.

*Sveitarstjóra falið að hefja samtal við Vesturbyggð vegna samþykktra framkvæmda Tálknafjarðarhrepps á árinu 2024 í ljósi þess að þau verða unnin undir formerkjum sameinaðs sveitarfélags.*

**3. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2024-2027 - 2401012**

Listi yfir útboðsverk hjá Vegagerðinni uppfærður 02.01.2024 þar sem m.a. kemur fram að vetrarþjónusta á vegum á Vestfjörðum 2024-2027 verður boðin út á árinu 2024.

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps lýsir yfir áhyggjum sínum af mögulega lakari vetrarþjónustu vegna fyrirséðra breytinga í fyrirhuguðu útboði Vegagerðarinnar á vetrarþjónustu á leiðinni Dynjandi-Klettsháls. Ætlun Vegagerðarinnar er að nota sömu tæki á leiðinni frá Dynjanda að Klettshálsi til að opna leiðina og halda henni opinni þann tíma sem vegurinn er þjónustaður. Brýnt er að hafa í huga hversu erfiður fjallvegur Dynjandisheiðin getur verið á snjóþungum vetri og því óttast sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps að slíkt ástand geti komið niður á vetrarþjónustu á leiðinni Flókalundur-Klettsháls ef gengur erfiðlega að opna Dynjandisheiðina. Það má ekki gerast að fyrirkomulag þjónustu valdi því að leiðin að Klettshálsi opni síðar en er í núverandi fyrirkomulagi.*

*Sveitarstjórnir Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar hafa margítrekað kröfur íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum um að bæta og auka vetrarþjónustu enn frekar. Mikið af*

627. fundur  
11.01.2024

*Þungaflutningum til og frá svæðinu fer um Klettsháls auk umferðar almennra íbúa og því er algjört lykilatriði að tryggja að vetrarþjónusta á leiðinni að Klettshálsi sé ávallt eins og best verður á kosið. Öflug vetrarþjónusta á þessum leiðum er besta leiðin til að tryggja umferðaröryggi allra þeirra sem um vegina fara.*

*Því leggur sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps mikla áherslu á að Vegagerðin tryggi að vetrarþjónustu verði ávallt sinnt sem best má verða og að vandað sé til verka við undirbúning útboðs ef breyta á leiðum í vetrarþjónustu.*

#### **4. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063**

Fundargerð 940. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 15.12.2023.

*Lagt fram.*

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.  
**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20.**

---

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

---

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

---

Guðlaugur Jónsson (GJ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)